

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 12. febrúar 2007

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð.

Það fer ekki framhjá okkur hjá Skógrækt ríkisins að með þessu frumvarpi er verið að feta í fótspor skógræktarmanna og stofna til einskonar „landshlutabundins náttúruverndarverkefnis“ (sbr. landshlutaverkefni í skógrækt sem hófust með stofnun Héraðsskóga 1991). Reynslan af slíkum verkefnum er almennt góð, þótt ekki séu þau gallalaus.

Skógrækt ríkisins gerir eftirfarandi almenna athugasemd: Fyrir eru í landinu þjóðgarðar og friðlönd sem ekki eru rekin með mikilli reisu sökum fjárskorts. Frá tímum fyrir setningu náttúruverndarlaga eru þjóðskógarnir, t.d. Hallormsstaðaskógur, Vaglaskógur og Þórsmörk, en friðun þeirra var á sínum tíma ígildi friðlýsingar nú. Þeir eru í algjöru fjárvelti. Allt eru þetta lönd sem ríkið hefur ákveðið að vernda í einni eða annarri mynd en síðan hefur eftirfylgnin oftast en ekki verið lakari en væntingar stóðu til. Í þessu frumvarpi er verið að tala um að friðlýsa mjög stór svæði sem engin ástæða er til að friðlýsa. Friðlýsing breytir engu um helstu hættu sem steðjar að jökulhettu Vatnajökuls, þ.e. hnattræna hlýnun. Land umhverfis jökulinn er ekki í neinni bráðri hættu og sú hættu sem helst steðjar að landi norður með Jökulsá á Fjöllum er uppblástur, sem friðlýsing ein gerir ekkert til að draga úr. Þar þarf virkar uppgræðslufrákvæmdir til að endurheimta skóglendi. **Skógrækt ríkisins leggur til að hætt verði við Vatnajökulsþjóðgarð og þeir fjármunir sem til stóð að setja í hann verði í staðinn lagðir í þá þjóðgarða, þjóðskóga og önnur friðlönd sem fyrir eru.**

Verði ákveðið að fara fram með Vatnajökulsþjóðgarð gerir Skógrækt ríkisins eftirfarandi athugasemdir:

Skv. 4. og 7. greinum er gert ráð fyrir að umhverfisverndarsamtök tilnefni fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins annars vegar og hins vegar í hvert svæðirráð. Ekki er tekið fram hvaða umhverfissamtök eiga að tilnefna þessa fulltrúa og ekki ljóst hver koma til greina. Koma t.d. skógræktarfélög til greina? Þetta þarf að skýra betur.

Skv. 5. gr. er stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs heimilt að gera samning við aðra opinbera stofnun um að annast daglegan rekstur þjóðgarðsins. Skógrækt ríkisins býður sig fram til

Þess. Hún hefur aldarlanga reynslu í rekstri þjóðskóga og alla burði til að reka Vatnajökulspjóðgarð.

F.h. Skógræktar ríkisins

Pröstur Eysteinnsson